



Guðbjörg Lind Jónsdóttir

Guðbjörg Lind Jóns- dóttir

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Á síðustu einkasýningu sinni, sem Guðbjörg Lind hélt fyrir tveimur árum í listasalnum Nýhöfn, var meginviðfangsefnið fallandi vatn og fossar í ýmsum myndum. Nú stendur yfir ný sýning listakonunnar á sama stað og enn er hún að fást við svipaða hluti og fyrr.

Við fyrstu sýn hefur lítið breyst í myndum listakonunnar frá því á síðustu sýningu. Fínlegir fossar, sem falla fram af háum eða lágum hamra-veggjum og umbreyta nágrenni sínu að nokkru með ljósum vatnsúðanum eru enn það þema, sem Guðbjörg Lind vinnur út frá; efst glittir stundum í himinrönd og neðst markar svalur fosshylurinn dýpt myndarinnar. Lögum flatarins (hár og mjór, lágur og breiður) verður síðan til að skerpa á þessum áhersluþáttum í hinum einstöku verkum.

Nánari skoðun leiðir hins vegar í ljós nokkrar breytingar, sem eru í fullu samræmi við þá hægfara þróun, sem hefur orðið á þessu myndefni listakonunnar allt frá upphafi. Hringformið er komið fram í nokkrum verkanna, t.d. „Heiðavötn“ (nr. 8), og myndar jafnvel nokkra sveiflu í myndunum „Snjóbráð“ og „Baugur“ (nr. 6). Hið kyrrstæða, fastmótada umhverfi vatnsins og kletta-veggjanna hefur þannig verið rofið að nokkru og má vænta þess að nokkuð víðari sýn á heim vatnsins kunni að fylgja í kjölfarið hjá Guðbjörgu Lind.

Litaskalinn í málverkunum virðist í fljótu bragði vera takmarkaður við svart, grátt, blátt og hvítt, og vatnsflaumurinn og umhverfi hans vera ein samfelld heild. En við nánari athugun kemur í ljós að í einstöku mynd er að finna fjölbreyttari litbrigði á bak við grámann; einkum má benda á „Snjóbráð II“ (nr. 5) í þessu sambandi, þar sem náttúran er að losna undan oki vetrar og litir sumarsins taka að vakna á ný.

Í vatnsmyndum Guðbjargar Lindar hefur oft verið að finna eitthvað óvænt, eitthvað sem ekki er í samræmi við fyrstu sýn og kemur áhorfandanum að nokkru úr jafnvægi. Í nokkrum myndanna hér er að finna svartan stein eða klett í neðra borði myndflatarins, sem virðist ekki alltaf falla að myndbyggingunni; þessir dularfullu klettar skapa nokkra óvissu í heildarmynd, sem að öðru leyti er í jafnvægi og vekja spurningar um hina duldu krafta náttúrunnar, handan myndarinnar.

Slík tilbrigði nægja þó ekki til að gæða þessa sýningu í heild því lífi, sem eldri sýningar listakonunnar höfðu til að bera. Kyrrðin verður ekki eftirminnileg, því hún virðist ekki skapast af spennu í myndefni eða efnistöku, heldur af deyfð. Þessi sýning er afrakstur vinnu síðustu tveggja ára og ef til vill er Guðbjörg Lind komin eins langt með þessi viðfangsefni og fært er án stærri breytinga. Því verður spennandi að sjá hvert næstu ár munu leiða listakonuna í myndlistinni — til ferskra hliða á þeim heimum vatns og fossa, sem hafa heillað hana um árabil, eða til alveg nýrra viðfangsefna.

Sýningin stendur til miðvikudagsins 7. október.